

Titill:

Áhrif á öryggi virkra ferðamáta vegna algrænna umferðarljósa

Ágrip:

Við gatnamót Suðurstrandar/Nesvegs var skipt út umferðarljósum haustið 2021. Eftir breytingu eru umferðarljósín með algræna umferðarljósastýringu (e. „All-Green“ ljósafasa) og er tilgangurinn með framkvæmdinni að auka umferðaröryggi gangandi. Umferðarljósastýring telst algræn þegar öll gönguljós við tiltekin gatnamót verða græn á sama tíma og akstursstraumar fá rautt á meðan. Ljósín voru áður með grænt gönguljós samhliða akstursstefnu en því fylgir sá galli að beygjustraumar þvera gönguleið á grænu. Með framkvæmdinni myndaðist tækifæri til að afla gagna um ástand fyrir og eftir breytingu til að meta áhrif hennar á umferðaröryggi. Aðferðarfræðin snýst um að taka upp myndefni við gatnamótin og nota myndgreiningartækni til að meta fjölda slyshættutílvika („næstum-því-slysa“) sem koma að öðru leiti ekki fram í hefðbundinni slysatölfræði.

Aðstæður á gatnamótum Suðurstrandar/Nesvegs hafa batnað fyrir gangandi vegfarendur eftir að algrænir ljósafasar voru teknar í notkun. Myndgreining sýndi að slyshættutílvikum sem innihalda gangandi og hjólandi vegfarendur hefur fækkað mikið milli ára eftir að algræna stýringin var tekin upp, þrátt fyrir aukna umferð gangandi og hjólandi – sér í lagi að morgni til og utan skrifstofutíma. Meðalhraði ökutækja hefur að sama skapi lækkað – og líkur á alvarlegum slysum þar með samhliða. Þó var hærri hluti slyshættutílvika eftir framkvæmd þar sem stutt var á milli tveggja bíla (< 1,5 sek). Því sýnir upptaka á algrænum ljósafösnum á þessum gatnamótum vísbendingar um bætt umferðaröryggi gagnvart gangandi/hjólandi vegfarendum, en einhver hættumerki um að t.d. aftanákeyrslum geti fjölgað, sambærilegt við reynsluna erlendis.